



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

b.t. Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 10.11.2015
1510082 ÞS

Efni: Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015-2016.

Á 751. fundi bæjarráðs undir 3. tölul. dagskrár þriðjudaginn 10. nóvember 2015 var afgreitt bréf ráðuneytisins dags. 20. október 2015, merkt ANR15090029/11.3.1 varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016. Þetta var bókað:

3. 1510082 - Umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016

Lagt fram bréf dags. 20. október 2015 frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016.

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkir samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Vesturbyggð (Patreksfjörður og Brjánslækjarhöfn) þá verði farið eftir reglugerð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nr. 605/2015 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2015-2016 með eftirfarandi breytingum:

- Brjánslækjarhöfn:

1. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

2. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

- Patrekshöfn

Magnús Jónsson og Ásthildur Sturludóttir tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins undir þessum málslið dagskrár og viku af fundi.


Bæjarráð gerir engar breytingar á reglugerðinni, nr. 605/2015.

- Bíldadalshöfn

Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja um frest til ráðuneytisins til 1. desember nk. um sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta á Bíldadal.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.